

13. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn þriðjudaginn 20. október kl. 17:00 í fjarfundi.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.

Einnig sat fundinn Jón Valgeirsson, sveitarstjóri og Jón Eiríksson starfsmaður umhverfismála.

Dagskrá:

- 1. Staða umhverfismála í hreppnum.**
- 2. Fjárhagsáætlun umhverfismála 2021.**
- 3. Gjaldskrá vegna meðhöndlun úrgangs.**
- 4. Fjárhagsáætlun og gjaldskrá vegna fráveitumála, kynning**
- 5. Aðgerðaráætlun SOS**

1. Staða umhverfismála í hreppnum.

Starfsmaður umhverfismála sat fundinn undir liðnum. Almennt eru málin að þróast í rétta átt. Fólk er byrjað að flokka betur og ánægja er með breytingar á gámasvæði. Stefnt er að halda opnunartíma eins en huga þarf af afleysingum. Flokkun í brúntunnu á grendarsvæðum er ekki góð og þarf að bæta. Koma þarf betri upplýsingum til sumarhúsagesta varðandi brúntunnu. Almennt er þó flokkað vel í blátunnu á þeim svæðum. Vinna er hafin að gerð sameiginlegs útboðs á sorphirðu í uppsveitum Árnassýslu.

2. Fjárhagsáætlun umhverfismála 2021.

Sveitarstjóri kynnti málið og fór yfir helstu tölur. Málaflokkurinn lítur betur út en oft áður og virðist vera að tók séu að nást á málaflokknum. Engu að síður er enn tap fyrir séð á rekstrinum en er minnkandi en hefur verið. Ekki er gert ráð fyrir stórum breytingum milli ára og stórar fjárfestingar bíða enn um sinn. Mikil óvissa við gerð fjárhagsáætlunar enn vegna ástands í þjóðfélagi.

3. Gjaldskrá vegna meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjóri kynnti og fór yfir drög að gjaldskrá fyrir árið 2021. Almennt er gert ráð fyrir 2,7% hækkun á hirðingu en 9% á eyðingu, aukasorpgjaldi og leigu gáma. Nýtt er að bjóða á uppá auka blátunnu gegn gjaldi fyrir þá sem þess kjósa. Nefndin samþykkir almennt gjaldskrána vegna þess að málaflokkurinn stendur ekki undir kostnaði en leggur til hóflegri hækkun aukasorpgjalda. Verði ekki hærra en 5%. Einnig vill nefndin að útskýrt og rökstutt hversvegna aðilar lenda í tilteknum aukasorpgjalda flokki. Minnir nefndin jafnframt á bókun frá 8. fundi vegna gjaldskrá hækkana frá síðasta ári að hafa hvata til flokkunar í gjaldskránni.

4. Fjárhagsáætlun og gjaldskrá vegna fráveitumála, kynning.

Sveitarstjóri kynnti nefndinni stöðu fráveitumála og hvernig þau standa.

5. Aðgerðaráætlun SOS.

Sveitarstjóri kynnti málið. Verið er að setja upp aðgerðaráætlun fyrir Suðurland í úrgangsmálum og hvernig staðið skal að þeim til framtíðar. Nefndin er ánægð með þessa vinnu. Sérstaklega fagnar hún að stefnt skuli að samræmdu flokkunar- og hirðingarkerfi fyrir Suðurland í áætluninni. Samræmist það vinnu sem hafin er í uppsveitum Árnassýslu um að fara í samræmt útboð á sorphirðu.

Fundi slitið 19:33